

**3531. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
mánudaginn 24. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Jónína Margrét Sigmundsdóttir varamaður,
Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, bæjarstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2304082 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2022 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2022 - A hluti

- 1.1 Aðalsjóður
- 1.2 Eignasjóður
- 1.3 Byggðasafnið í Görðum
- 1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi og Svava Sverrisdóttir deildarstjóri
reikningshalds- og greininga situr fundinn undir liðum nr. 1 til með nr. 3.

*Bæjarráð staðfestir ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og
leggur til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs,
Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. vegna
ársins 2022 verði samþykktir.*

Samþykkt 3:0

2. 2304081 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2022 - B-hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2022 - B hluti

- 2.1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
- 2.2. Gáma
- 2.3. Háhiti ehf.
- 2.4. Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

*Bæjarráð staðfestir ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við
bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf.
og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis vegna ársins 2022 verði samþykktir.*

Samþykkt 3:0

3. 2304080 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2022 - samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2022.

*Bæjarráð staðfestir samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar 2022 með
undirritun og leggur til við bæjarstjórn Akraness að reikningurinn verði
samþykktur.*

Samþykkt 3:0

Jóhann Þórðarson og Svava Sverrisdóttir víkja af fundi.

4. 2210165 - Ljósleiðarinn - hlutafjárukning

Á hluthafafundi Ljósleiðarans þann 24. október 2022 var samþykkt tilaga um hlutafjárukningu með fyrirvara um samþykki eigenda OR.

Með erindi dags. 24. október 2022 var farið þess á leið við eigendur OR að þeir staðfesti samþykkt hluthafafundarins.

Bæjarráð tók málið fyrir að nýju þann 13. mars sl. og afgreiðslu þess frestað.

Bæjarráð fagnar þeim framfarahug sem birtist í framlagðri samþykkt hluthafafundar Ljósleiðarans ehf. 24. október 2022 um aukningu hlutafjár til að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækisins enn frekar og efla þar með í senn samkeppnisstöðu Íslands, fjarskiptaöryggi landsins og öryggi fjarskipta í landinu. Íbúar Akraness voru á meðal þeirra alfyrstu á Íslandi til að njóta ljósleiðaratenginga til heimila sinna og þekkja því vel til þeirrar aukningar lífsgæða sem öflugar og traustar fjarskiptatengingar bera með sér.

Bæjarráð þakkar fyrir þær ítarlegu greiningar og gögn sem hafa verið lagðar fram til að undirbyggja ákvarðanir eigenda Orkuveitu Reykjavíkur í þessu mikilvæga máli fyrir íslenskt samfélag.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti heimild til hækkunar hlutafjár Ljósleiðarans ehf. um allt að kr. 3.250.000.000,- að nafnverði (þrímilljarðartvöndruðogfimmtíumilljónirkróna), þ.e. 33,33% af heildarhlutafé félagsins, eða þannig að eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu verði aldrei minni en 66,67% af heildarhlutafé Ljósleiðarans ehf. og að heimildin falli niður 31. desember 2024 að því marki sem hún er þá enn ónýtt.

Bæjarráð vísar málinu til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Lif Ljósleitir
Jónína Margrét Sigmundsdóttir
Ragnar Sæmundsson
Sanna Sæmundsson